

FUNDARGERÐ

66. fundur stjórnar FUM, Félags um menntarannsóknir, haldinn þriðjudaginn, 30. júní 2009, kl. 12:00, í húsnæði HÍ, Bolholti 6, Reykjavík, fundarherbergi á 5. hæð.

Fundinn sátu: Steinunn Helga Lárusdóttir, formaður, Ingólfur Á. Jóhannesson, Sigurlínar Davíðsdóttur og Gerður G. Óskarsdóttir sem ritaði fundargerð. Meyvant Þórólfsson og Svanhildur Kr. Sverrisdóttir boðuðu forföll.

Tekið fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar. Engar athugasemdir gerðar.
2. Ráðstefna FUM þann 27. febrúar 2010. Formaður hefur fest húsnæði fyrir ráðstefnuna í *Hamri* húsi Menntavísindasviðs við Stakkahlíð, salinn *Skriðu* fyrir aðalfyrirlestra og nýu stofur fyrir málstofur. Auk þess er frátekin ein stofa í *Enni*.

Samþykkt að sækja um styrk til Menntavísindasviðs HÍ vegna kostnaðar af húsnæði fyrir ráðstefnuna.

Formaður mun sjá um að auglýsa nú á næstunni dagsetningu ráðstefnunnar, bæði meðal félagar í FUM og starfsmanna HÍ, HA og HR.

Ákveðið að tillögur að erindum skuli berast fyrir 10. janúar 2010, en auglýst verði eftir tillögum í september nk. Skipuð verði nefnd til að leggja mat á tillögurnar. Höfundum erinda verða sendar upplýsingar um niðurstöðu nefndar innan hálfmánaðar. Dagskrá liggja síðan fyrir í lok janúar nk.

Að loknum léttum hádegisverði sem formaður bauð til, óskaði hún fundarmönnum ánægjulegs sumarfrís.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 12.50.
G.G.Ó.